

ekkert lífsskoðanaleysi er afsakanlegt í hópi þeirra manna, sem krefjast hlutdeildar í þessum arfi. Þeir einir eru færir um að geyma arfinn og ávaxta hann — og þeir einir ættu því að vera í hópi Unítara — sem geta í einlægni sagt með Lúther: „Hér stend eg, Guð hjálpi mér, eg *get ekki annað*.“

Hverjir ættu þá hinir sýnilegu ávextir trúfrelsisins að vera? Fyrst af öllu umburðarlyndi gagnvart þeim sem aðrar skoðanir hafa. Sá maður sem neitar öðrum um það frelsi sem hann heimtar fyrir sjálfan sig er ekki frjáls í neinum sönnnum skilningi. Maður ætti aldrei að ráðast á annara manna skoðanir nema þegar maður þarf þess, til þess að vernda þær skoðanir, sem maður álitur vera sannar og góðar; og þá ætti maður helzt aldrei að gleyma að gjöra það með högværð og sanngirni. Annar ávöxtur trúfrelsisins ætti að vera, eins og eg hefi þegar bent á, sannari og virkilegri trú eða lífsskoðan. Af þeirri lífsskoðan ætti svo að vaxa upp kærleikinn til guðs og manna, sem innibindur í sér allar mannlegar dygðir. Ef ekkert af þessum ávöxtum sést, er ástaða til að efast um annaðhvort: sannleiksgildi skoðananna sjálfra, eða einlægni þeirra sem segjast aðhyllast þær.

Frækorninu er sáð í moldina; regnið vætir það; ylgeislar sólarinnar verma það; plantan gægist upp úr moldinni; myndar rætur, legg, blöð, blóm; vex og dafnar dag frá degi, — og öll þessi starfsemi miðar til þess að ávöxturinn geti komið. Ef einhverra hluta vegna plantan ekki ber ávöxt, þá er öll þessi starfsemi til einskis. Eins er því varið með starfsemi vora sem trúarflokks. Ef vér erum ekki betri menn og konur; ef kærleiki vor til meðbræðra vorra og systra er ekki glæddur; ef mannfélagið sem vér lifum í er ekkert bætara — með öðrum orðum, ef guðsríki meðal mannanna er ekki eflt og útbreitt sem afleiðing af starfi voru, þá er það til einskis. Höfum þetta ætíð hugfast, og látum alla vora starfsemi miða til þess að ávöxturinn megi verða sem mestur og fagrastur. Látum ávöxtinn af trú vorri og starfi sjást í mannfélaginu, í því að bæta kjör þeirra, sem ekki fá notið sín og lífs síns eins og faðirinn hefir til ætlast; í því að meira réttlæti, meiri friður, meira bróðurþel eigi sér stað en nú er. Og látum ávöxtinn sjást í voru eigin einstaklings lífi, í stöð-